

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Akureyri, 23.7.2024
UST202401-329/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26.06.2024 - Gallon ehf., Eskifirði ID132

Þann 26. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í olúbirgðastöð Gallon ehf., Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 og engin ábending var sett fram.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending var sett fram um að senda skuli eftirlitsaðila uppfærða áætlun um tímabundna eða varanlega rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.
2. Ábending var sett fram um að senda skuli eftirlitsaðila uppfærð umhverfismarkmið skv. gr. 2.1 í starfsleyfi. Var kynningarbæklingur þess efnis afhentur í eftirlitinu.
3. Ábending var sett fram um að uppfæra þurfi öryggisblöð skv. gr. 3.9 í starfsleyfi en eitthvað er um úrelt blöð í möppu.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Olía fannst í brunnnum við olíuskiljur og virkni skiljanna því ekki fullnægjandi. Rekstraraðili vinnur að úrbótum.
2. Viðauka I í rg.884/2017. Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017. Geymar voru ekki rétt merktir.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. Ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur